



Alþingi

Erindi nr. P 138/411

komudagur 3.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn til iðnaðarnefndar Alþingis tillaga til þingsályktunar um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, 138. löggjafarþing 23. mál.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og Fjórðungsþing Vestfirðinga hafa um árabíl vakið athygli stjórnvalda á stöðu raforkukerfisins á Vestfjörðum. Nú síðast með ályktun 54. Fjórðungsþings Vestfirðinga, auk ályktana og áskoranir stjórnar sambandsins sem sjá má í viðauka þingsályktunartillögunar sem hér er til umfjöllunar.

Úr samþykkt 54. Fjórðungsþings Vestfirðinga, heildarályktun "Vestfirðir i sókn".

"Orkumál

- Lögð er áhersla á að iðnaðarráðherra hraði nútímavæðingu raforkukerfis Vestfirðinga og tekin verði ákvörðun um bestu mögulegu leiðir til uppbyggingar kerfisins. Sérstaklega verði horft til þess möguleika sem stærri vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum getur falið í sér við lausn þessa verkefnis. Koma þar helst til greina virkjanir á vatnasvæði Ófeigsfjarðarheiðar og á Glámuhálendi. Bendir þingið í þessu sambandi sérstaklega á virkjun Hvalár í Ófeigsfirði.
- Tryggja þarf að þrífösun rafmagns verði komið á til sveita, án þess að óeðlilegur kostnaður lendi á sveitarfélögum eða einstaklingum við framkvæmdina.
- Skorað er á iðnaðarráðherra að farið verði í endurskoðun á raforkulögum þannig að allir íbúar landsins standi jafnfætis þegar kemur að rafmagnsverði".

Fjórðungssamband Vestfirðinga styður markmið tillögunnar og leggur til að hún verði samþykkt. Í kjölfar samþykktar tillögunnar er mikilvægt að efni henni verði fylgt eftir í vinnu stjórnvalda að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðahita og vinnu við endurskoðun á raforkulögum nr 65/2003.

Ísafirði 1. desember 2009

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri